

Umsögn

Til: Borgarráðs

Frá: Sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs

Efni: Tillaga að breytingum á reglum skóla- og frístundasviðs um þjónustu frístundaheimila

Borgarráð hefur óskað eftir umsögn vegna tillögu að breytingum á reglum um þjónustu frístundaheimila.

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 9. júní 2020 var samþykkt tillaga um breytingar á reglum skóla- og frístundasviðs um þjónustu frístundaheimila sem samþykktar voru í borgarráði 2. maí 2019, mál SFS2020060031. Fellt er út ákvæði um að börn sem búið hafa skemur en 2 ár á Ísland hafi forgang í frístundaheimili. Sett er inn nýtt viðmið um fjölda barna í sumarstarfi, þar sem starfsmenn skulu að jafnaði hafa umsjón með 8 – 10 börnum. Fyrir breytingar gerður reglurnar ráð fyrir 13 – 16 börnum á starfsmann og var árstími ekki skilgreindur. Einnig eru gerðar breytingar sem skerpa á orðalagi reglnanna. Ekki er gert ráð fyrir að breytingarnar leiði til aukins kostnaðar hjá skóla- og frístundasviði.

Fjármála- og áhættustýringarsvið hefur rýnt reglubreytingarnar og tekur undir ályktun skóla- og frístundasviðs um að þær eigi ekki að leiða til kostnaðarauka. Samkvæmt skóla- og frístundasviði hefur í mörg ár verið miðað við 8 börn á starfsmann í sumarfrístund vegna eðlisbreytinga starfsins á sumrin, enda byggir starfið á vettvangsferðum, sundferðum o.s.frv. og fjárhagsáætlun sviðsins hefur tekið mið af því. Með því að setja inn viðmið um barnafjölda í sumarfrístund eru reglurnar uppfærðar til samræmis við framkvæmd síðustu ára og er því breytingin án kostnaðarauka.

Halldóra Káradóttir,

sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs.